

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22.11.2018
Tilvísun: 201811-0050/0.03.02

Umsögn um frumvarp til umferðarlaga, 219. mál

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn um frumvarp til umferðarlaga, 219. mál., sem barst í tölvupósti, dags. 1. nóvember 2018.

Vinnueftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Stjórnendur dráttarvéla (62. gr.)

Samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 62. gr. frumvarps til umferðarlaga er kveðið á um að... „*eigi þurfi þó ökuskírteini, þar sem ekki er almenn umferð, til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf, enda sé ökumaður fullra 15 ára.*“

Með breytingarlögum nr. 75/2018 bættist við ný 6. mgr. við 45. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem kveður á um að... „*sá einn megi vera stjórnandi tiltekinnar vinnuvélar, sbr. 1.-5. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 46. gr., sem hefur öðlast fullgild réttindi til að stjórna þeirri vél sem um ræðir hverju sinni samkvæmt reglum sem settar hafa verið á grundvelli 3. mgr. 49. gr.*“. Þær vélar sem þetta ákvæði vísar til eru m.a. farandvinnuvélar og búvélar. Skv. 2. og 3. gr. reglna nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum sem settar voru á grundvelli 3. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980, er skylt að hafa viðeigandi vinnuvélaréttindi á dráttarvélar með beintengdum eða vökvabúnum sértækjabúnaði s.s. loftpressu og skóflum. Þetta þýðir að hver sá sem stjórnar dráttarvél með tækjabúnaði sem tengd eru í drifsköft dráttarvélar verður að hafa undirgengist viðeigandi námskeið og hafa fengið viðeigandi vinnuvélaréttindi í samræmi við reglur nr. 198/1983, til að stjórna þeim og gildir þá engu hvort dráttavélin er notuð við landbúnaðarstörf eða til annarra starfa.

Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga, mega ungmenni sem náð hafa 15 ára aldri í fjölskyldufyrirtækjum, þ.m.t. við landbúnað, vinna við þau störf sem talin eru upp í viðauka 1C, enda sé þeim veitt ítarleg fræðsla og leiðbeiningar og þau höfð undir eftirliti. Ungmenni, sem vinna við sveitastörf í fjölskyldufyrirtækjum, skulu hafa fengið fræðslu og leiðbeiningar um dráttarvélar áður en vinna er hafin með slík tækni utan vega. Samkvæmt viðauka 1C mega 15 ára og eldri vinna með dráttarvélar sem eru beintengdar vögnum eða tækjum án drifskatts í fjölskyldufyrirtækjum. Það er því óheimilt að láta börn og unglunga vinna við dráttarvélar sem beintengt eru tækjum og vélum með drifskafi.

Vinna með tækjum tengdum drifsköftum dráttarvéla hefur verið orsök mjög alvarlegra vinnuslysa, m.a. dauðaslysa. Eru dæmi þess að ungmenni hafi lent í mjög alvarlegum vinnuslysum vegna vinnu við dráttarvélar með drifsköftum.

Með vísan til alls framagreinds, m.a. til að tryggja öryggi við notkunar dráttavéla og til að tryggja lagasamræmi milli nýrra umferðarlaga og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar um vinnu barna og unglinga, þá leggur Vinnueftirlitið til að 62. gr. frumvarpsins verði breytt með eftirfarandi hætti:

Á eftir orðunum „stjórna dráttarvél“ í 2. ml. 1. mgr. kemur: sem ekki er tengd tæki með drifskaftri.

Skráning (72. gr.)

Samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 72. gr. frumvarps til umferðarlaga er kveðið á um að eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis beri ábyrgð á skráningu þess í ökutækjaskrá og að skráningarkerki skuli sett á það áður en það er tekið í notkun. Með vélknúnu ökutæki er m.a. átt við vinnuvélar sem ætlaðar eru til notkunar á vegum, sbr. 40. og 41. tl. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Vakinn er athygli á því að vinnuvélar eru nú þegar skráðar og skoðaðar hjá Vinnueftirlitinu.

Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum nr. 388/1989 um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla þá ber Vinnueftirliti ríkisins skylda til að skrá og skoða vinnuvélar. Við skoðun vinnuvéla er hugað að þeim þáttum sem varða öryggi starfsmanna við beitingu vélarinnar sem vinnutækis sem og öryggisþáttum er varða tilfærslu og akstur hreyfanlegra vinnuvéla. Vinnuvélar þurfa m.a. að uppfylla ákvæði hinnar svokölluðu véltilskipunar ESB (tilskipun 2006/42/EC) sem innleidd er með reglugerð um vélar og tæknilegan búnað nr. 1005/2009.

Ekki verður annað séð en að framangreint ákvæði þessa frumvarps muni leiða til tvöfalds skráningarkerfis fyrir þessar tilteknu vinnuvélar, þ.e. að slíkar vinnuvélar verði að vera skráðar í vinnuvélaraskrá Vinnueftirlitsins og í ökutækjaskrá Samgöngustofu og muni því bera tvö skráningarkerki. Tvöföld skráning vinnuvéla mun leiða til aukins kostnað í för með sér fyrir eigendur og umráðamenn þessara vinnuvéla auk þess sem stjórnsýsluleg byrði þessara vinnuvélaeigenda mun verða óeðlileg. Samkvæmt upplýsingum vinnuvéladeildar Vinnueftirlitsins þá munu nokkur þúsund vinnuvélar lenda í þessu tvöfalda skráningarkerfi. Aðallega mun vera um að ræða ýmiskonar gröfur, hjólaskóflur, veghefla og valtarar auk annarra vinnuvéla. Þessar vélar eru að langmestu leyti í notkun á vinnustöðum, en fara í almennra umferð þegar þær eru fluttar milli vinnustaða.

Vinnuvélar eru meðal algengustu orsakavalda alvarlegra vinnuslysa, þar á meðal dauðaslysa. Stjórnsýsla þessa málaflokks er því mikilvægur hluti stjórnsýslu öryggismála á vinnustöðum og samskipta við atvinnurekendur og fulltrúa starfsmanna um þau mál. Til staðar er hjá Vinnueftirlitinu sérfræðipækking á véltæknilegum öryggismálum, þ.á.m. að því er varðar þessar vinnuvélar.

Til þess að tryggja lagasamræmi milli nýrra umferðarlaga og núverandi laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og til að tryggja eðlilega stjórnsýslu þessa málaflokks þá leggur Vinnueftirlitið til að 72. gr. frumvarpsins verði breytt með eftirfarandi hætti:

Á eftir orðunum „flokkur I“ í 3. ml. 1. mgr. kemur: og vinnuvélar.

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlit ríkisins engar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins


Magnús Guðmundsson


Björn Þór Rögnvaldsson